

# Lög

## um breytingu á lögum um stjórn fiskveiða og fleiri lögum (bláuggatúnfiskur).

### I. KAFLI

#### Breyting á lögum um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006.

##### 1. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. 4. gr. og 1. másl. 5. gr. er aðilum sem uppfylla skilyrði 2. másl. 5. gr. heimilt að taka á leigu erlent skip, til allt að sex mánaða hvert almanaksár, til veiða og vinnslu samkvæmt veiðiheimildum Íslands á austur-atlantshafsbláuggatúnfiski innan og utan íslenskrar fiskveiðilandhelgi. Heimild þessi gildir til og með 31. desember 2028.

### II. KAFLI

#### Breyting á lögum um veiðar og vinnslu erlendra skipa í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 22/1998.

##### 2. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 1. og 2. gr. er aðilum sem uppfylla skilyrði 2. másl. 5. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, heimilt að taka á leigu erlent skip, til allt að sex mánaða hvert almanaksár, til veiða og vinnslu samkvæmt veiðiheimildum Íslands á austur-atlantshafsbláuggatúnfiski innan og utan íslenskrar fiskveiðilandhelgi. Heimild þessi gildir til og með 31. desember 2028.

### III. KAFLI

#### Breyting á lögum um veiðar í fiskveiðilandhelgi Íslands, nr. 79/1997.

##### 3. gr.

Við lögin bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 3. og 4. gr. er aðilum sem uppfylla skilyrði 2. másl. 5. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, heimilt að taka á leigu erlent skip, til allt að sex mánaða hvert almanaksár, til veiða og vinnslu samkvæmt veiðiheimildum Íslands á austur-atlantshafsbláuggatúnfiski innan og utan íslenskrar fiskveiðilandhelgi. Heimild þessi gildir til og með 31. desember 2028.

## IV. KAFLI

**Breyting á lögum um fjárfestingu erlendra aðila í atvinnurekstri, nr. 34/1991.**

4. gr.

Við lögina bætist nýtt ákvæði til bráðabirgða, svohljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 4. gr. er aðilum sem uppfylla skilyrði 2. másl. 5. gr. laga um stjórn fiskveiða, nr. 116/2006, heimilt að taka á leigu erlent skip, til allt að sex mánaða hvert almanaksár, til veiða og vinnslu samkvæmt veiðiheimildum Íslands á austur-atlantshafs-bláuggatúnfiski innan og utan íslenskrar fiskveiðilandhelgi. Heimild þessi gildir til og með 31. desember 2028.

5. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

---

*Samþykkt á Alþingi 15. júní 2022.*